

439. fundur framkvæmdanefndar búvörusamninga, 28. janúar 2020, kl. 14.00 í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

Arnar Freyr Einarsson formaður ANR, Arnar Árnason formaður LK, Elísabet Anna Jónsdóttir ANR, Guðrún Ögmundsdóttir FJR, Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri SG og Sigurður Eypórsson framkvæmdastjóri BÍ. Þá sat fundinn Jón Baldur Lorange ANR.

Eftirfarandi var tekið fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Hámarksverð á greiðslumarki mjólkur.

Tekin var fyrir sameiginleg tillaga Bændasamtaka Íslands og Landsambands kúabænda um hámarksverð greiðslumark mjólkur. Lagt er til að sett verði hámarksverð á markaði með greiðslumark sem nemur tvöföldu lágmarksverði mjólkur til bænda eða 185 kr./ltr. Skv. bókun við samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 25. október 2019 skal framkvæmdanefnd, fyrir 1. febrúar, taka afstöðu til þess hvort setja skuli hámarksverð á greiðslumark á fyrsta markaði með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Greinargóðar upplýsingar um markaðsaðstæður eru ekki fyrir hendi, þar sem nokkuð er síðan hefðbundið markaðsfyrirkomulag var við líði á viðskiptum með greiðslumark. Á fundinum kom fram vilji fulltrúa bænda um að festa í sessi ákveðið hámarksverð þar til að jafnvægi væri komið á markaðsaðstæður með greiðslumark.

Samþykkt að leggja til við ráðherra að sett verði 185 kr./ltr. hámark á jafnvægisverð fyrsta markaðar með greiðslumark mjólkur, þann 1. apríl 2020.

Bókun vegna ákvörðunar framkvæmdanefndar búvörusamninga að leggja til við ráðherra að sett verði hámarksverð á fyrsta markað með greiðslumark mjólkur, sbr. 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 1252/2019 um stuðning í nautgriparækt, til samræmis við tillögu Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda dags. 22. janúar 2020.

Það er bókað að tillaga Framkvæmdanefndar búvörusamninga dags. 29. janúar 2020 til ráðherra um hámarksverð lýtur að fyrsta markaði sem haldinn verður þann 1. apríl 2020. Í kjölfarið verði framboð, eftirspurn og heildarviðskipti með greiðslumark á fyrsta markaði greind.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga mun meta aðstæður að nýju að loknum fyrsta markaði, þ.e. þann 1. apríl 2020.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15:00